

Fyrirspurn E 21/2024  
Fyrirspyrjandi Kim Berg (S)  
Til Ríkisstjórnir Norðurlanda

## E 21/2024 um nikótíninnihald í hvítu munntóbaki

### Til ríkisstjórna Norðurlanda

Í öllum norrænu löndunum er að finna lýðheilsuáhrif um að minnka nikótíninnihald. Grípa þarf til aðgerða á mörgum stigum til að minna tobaks- og nikótínnotkun, sérstaklega á meðal ungs fólks.

Einnig er mikilvægt að taka til greina aukna notkun hins svonefnda hvíta munntóbaks. Hvítt munntóbak hefur lengi verið á gráu svæði í löggjöfinni. Þess vegna er gott að fleiri lönd áforði að fara yfir lög um sölu og notkun hvíts munntóbaks. Eitt þeirra sviða sem vilji er fyrir að taka á er nikótíninnihald og sérstaklega að stöðva sölu vara með hættulega hátt nikótíninnihald. Í Finnlandi er fyrirhugað að mæla fyrir um að nikótíninnihald megi að hámarki vera 17 mg/g. Í Svíþjóð er áformað að taka upp 12 mg/g hámark. Á Íslandi er hámarkið 20 mg/g en í Danmörku lítur út fyrir að 10 mg/g verði niðurstaðan.

Ég tel að norrænt notagildi myndi felast í því að löndin okkar myndu sameinast um sameiginleg efri mörk nikótíninnihalds í hvítu munntóbaki. Þannig mætti draga úr hættu á smygli og forðast aðstæður þar sem fólk ferðast milli landa til að kaupa sterkara hvítt munntóbak. Einnig er einfaldara og skýrara fyrir bæði neytendur og framleiðendur að sömu reglur gildi um hvítt munntóbak alls staðar á Norðurlöndum, í það minnsta hvað varðar nikótíninnihald.

**Í ljósi þessa er eftirfarandi fyrirspurn lögð fram:**



Að hve miklu leyti starfa ríkisstjórnir okkar saman að því að uppfæra löggjöf varðandi hvítt munntóbak? Teljið þið norrænt notagildi felast í því að löndin okkar komist að samkomulagi um sameiginlegt hámarksmagn nikótíns í hvítu munntóbaki?

Norðurlöndum, 18. september 2024

*Kim Berg (S)*